Umhverfisnefnd – Fundur nr. 29

25. apríl 2021

Fundinn sátu Katrín Cýrusdóttir og Þorbjörg Skúladóttir. Gestir fundarins voru Óðinn Elísson formaður hestamannafélagsins Adams og Guðmundur Davíðsson formaður Mjólkursamlags Kjalarnesþings.

Umhverfisnefnd leitaði álits formanna hestamanna félagsins Adams, Óðins Elíssonar og Mjólkursamlags Kjalarnesþings Guðmunar Davíðssonar vegna erindis Finns Péturssonar í Káranesi í Kjós um lausagöngu búfjár.

Þeir voru sammála um að:
Samkvæmt aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017 – 2029 er Kjósin skilgreind sem landbúnaðarsvæði þar sem lausaganga er leyfileg nema lausaganga hrossa en æskilegt er að stórgripir séu í girðingu vegna öryggis.
Jafnræðisregla gildir einungis ef verið er að mismuna innan sömu búgreinar.
Ef lausaganga búfjár verður bönnuð í sveitarfélaginu þýðir það breytta bótaskyldu búfjáreigenda og einsýnt að sauðfjárbændur, geitabændur og kúa- og nautgripabændur, verði fyrir verulegu tjóni.
Verði lausaganga búfjár bönnuð í sveitarfélaginu er ljóst að veruleg hætta verður á því að a. m. k. sauðfjárbúskapur leggist hér af.

Æskilegt væri að girða með vegum til að gæta að öryggi vegfarenda.

.